

Umsögn dómnefndar

**samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla
um umsækjendur um tvö embætti dómara við Landsrétt sem
auglýst voru laus til umsóknar í Lögbirtingablaði 19. júní 2020**

Reykjavík, 2. september 2020

EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur	3
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á	3
3. Um málsmeðferð dómnefndar	6
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur	7
5. Mat á umsækjendum	13
5.1. Menntun og framhaldsmenntun	13
5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður	13
5.2. Reynsla af dómstörfum	14
5.2.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður	14
5.3. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum	15
5.3.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður	16
5.4. Reynsla af stjórnslustörfum	17
5.4.1. Reynsla af stjórnslustörfum – samanburður	18
5.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.	19
5.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf	19
5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður	20
5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.	20
5.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður	21
5.6. Reynsla af stjórnun	21
5.6.1. Reynsla af stjórnun – samanburður	22
5.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.	23
5.7.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður	24
5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi	24
5.9. Sérstök starfshæfni	25
5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu	25

5.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu	25
5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi	26
6. Niðurstaða dómnefndar	27

1. Umsækjendur

Með bréfi 14. júlí 2020 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um tvö embætti dómara við Landsrétt sem auglýst voru laus til umsóknar 19. júní 2020 í Lögbirtingablaði.

Eftirtalin sóttu um embættið: Ástráður Haraldsson, héraðsdómari, Hildur Briem, héraðsdómari, Jóhannes Rúnar Jóhannsson, lögmaður, Jón Höskuldsson, héraðsdómari, Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari, Ragnheiður Bragadóttir, landsréttardómari, og Stefán Geir Þórisson, lögmaður. Hinn 26. ágúst 2020 drógu Hildur og Kjartan Bjarni umsóknir sínar til baka.

Samkvæmt 3. gr. reglna um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættisins sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála er sú að umsækjendur uppfylli allir þau skilyrði, þ. á m. Ragnheiður Bragadóttir sem hefur áður verið skipuð dómari við Landsrétt. Samkvæmt þessu mun dómnefnd leggja mat á hæfni allra fimm umsækjendanna, enda ekki á valdsviði nefndarinnar að taka afstöðu til framangreindrar ákvörðunar ráðuneytisins.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnarsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa

umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðiritra, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Þáverandi ráðherra dómsmála og mannréttinda setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgerði.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ennfremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

Dómnefnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpinu, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Þá sé með fjölbreyttri starfsreynslu

átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefni, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði.

Í dómum Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017 var m.a. fjallað um umsögn dómnefndar frá 19. maí 2017 um hæfni umsækjenda um fimmtán embætti landsréttardómara. Í dómunum fann Hæstiréttur að því að í umsögn sinni hafi nefndin ekki sérstaklega lagt mat á færni hvers og eins umsækjanda til að semja dóma. Samkvæmt þessu skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Við meðferð máls þessa hefur Ragnheiður Harðardóttir ákveðið að víkja sæti í dómnefnd og hefur varamaður hennar, Halldór Halldórsson, tekið sæti í nefndinni í hennar stað. Fyrir sátu í henni Eiríkur Tómasson, formaður, Helga Melkorka Óttarsdóttir, Kristín Benediktsdóttir og Óskar Sigurðsson.

Þeim dómnefndarmönnum, sem taka þátt í meðferð málsins, er ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra til að koma að því. Hinn 4. ágúst 2020 ritaði nefndin umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu þá fram athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 19. ágúst 2020.

Í framangreindri auglýsingu frá 19. júní 2020 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um embætti dómara við Landsrétt upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Á grundvelli 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010 sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem umsagnaraðila. Umsækjendunum var síðan

veitt færi á að tjá sig um svör þeirra og hafði nefndin hliðsjón af þessum umsögnum við mat sitt, svo sem nánar verður vikið að í kafla 5.8. hér á eftir.

Eins og áður segir fór ráðuneytið þess á leit við dómnefnd með bréfi 14. júlí 2020 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda. Vegna þess að breytingar urðu á skipan nefndarinnar eftir þann tíma og hún kom fyrst saman fullskipuð á fundi 4. ágúst 2020 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur hennar skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010 frá þeim degi til 15. september 2020. Í sömu grein er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda og þess háttar.

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 620/2010 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 25. ágúst 2020, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 1. september 2020. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að athugasemdir yrðu sendar sem fyrst. Athugasemdir bárust frá fjórum umsækjendum og voru gerðar minni háttar breytingar á fyrirbyggjandi umsögn án þess að niðurstaða hennar breyttist.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og viðmið á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Ástráður Haraldsson er fæddur 27. ágúst 1961 og er því 59 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1990. Þá hefur hann sótt ýmis símenntunarnámskeið bæði hérlendis og erlendis. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í mars 1991 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands í maí 1995. Að loknu laganámi hóf hann störf sem fulltrúi á lögmannsstofu þar sem hann varð meðeigandi 1992. Frá þeim tíma starfaði umsækjandinn sem sjálfstætt starfandi lögmaður uns hann var skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur

í byrjun árs 2018. Hann var í hlutastarfi sem lögmaður og forstöðumaður vinnuréttarsviðs Alþýðusambands Íslands 1995-2000. Frá ársbyrjun 2019 hefur umsækjandinn verið í hlutastarfi sem aðstoðarsáttasemjari við embætti ríkissáttasemjara. Umsækjandinn var í hlutastarfi dósents við Háskólann á Bifröst frá árinu 2002 til september 2017. Kenndi hann fyrst og fremst vinnurétt í grunnnámi, en kom einnig að kennslu í stjórnslurétti og starfsmannarétti. Síðari árin fékkst umsækjandinn aðallega við kennslu í fullnusturéttarfari á meistarastigi en einnig á sérstöku námskeiði um málflutning fyrir dómi. Einnig kenndi hann á námskeiðum fyrir þá sem hyggjast afla sér réttinda til að verða héraðsdómslögmennt 2002-2006. Hann var prófdómari í vinnurétti við lagadeild Háskóla Íslands 2000-2004, auk þess að vera stundakennari í vinnurétti við sama skóla 2000 og 2004. Þá kenndi hann á námskeiði um starfsmannastjórnun hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 2001. Eftir umsækjandann liggja fjórar tímaritsgreinar um lögfræðileg málefni auk þess sem hann getur um 13 slík erindi og framsögur á fundum ýmissa félaga og stofnana, þar með talið á sviði réttarfars. Af aukastörfum umsækjandans má nefna að hann hefur tekið sæti í fimm málum í Félagsdómi, hann sat í umferðarnefnd Reykjavíkur 1990-1994, gegndi formennsku í rannsóknarnefnd sjóslýsa 1991-1992 og var í samráðsnefnd Alþjóðavinnuálastofnunarinnar frá 1995-2000. Hann sat í stjórn Aflvaka Reykjavíkur 1996-2000, var kjörinn í útvarpsréttarnefnd 1998-2004 og sat í kærunefnd húsnæðismála 1999-2003. Umsækjandinn átti sæti í háskólaráði Háskóla Íslands 1986-1988 og var í stjórn Háskólans á Bifröst 2006-2012. Umsækjandinn sat um skeið í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur árið 2007. Hann átti sæti í yfirkjörstjórn Reykjavíkur 1995-2003 og var formaður hennar 2006. Átti sæti í landskjörstjórn 2003-2018 og var formaður hennar 2009-2011. Hluta ársins 2017 sat hann í stjórn Lögmannafélags Íslands. Auk þessa átti hann sæti í stjórnnum ýmissa fyrirtækja í tengslum við lögmannsstörf sín. Umsækjandinn stýrði ásamt öðrum vinnu við gerð frumvarps til laga um breytingu á vatnalögum og kom að störfum sem tengjast undirbúningi lagasetningar og fullgildingu EES-gerða, bæði sem lögfræðingur ASÍ og sem ráðgjafi fjármálaráðherra 2009-2013.

Jóhannes Rúnar Jóhannesson er fæddur 25. desember 1964 og er því 55 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1993 og MBA-námi frá Cambridge-háskóla árið 2019. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1995 og fyrir Hæstarétti Íslands 2002 auk takmarkaðrar heimildar til málflutnings fyrir Hæstarétti árið 1998. Þá var hann á árinu 2010 metinn hæfur til að gegna stöðu stjórnarmanns í fjármálafyrirtæki af Fjármálaeftirlitinu. Umsækjandinn starfaði að loknu embættisprófi sem fulltrúi ríkissaksóknara í rúmt ár, en hefur frá þeim tíma starfað sem lögmaður. Hann var fulltrúi á lögmannsstofu frá hausti 1994 til vors 1997 og hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður síðan, utan 15 mánaða tímabils á árunum 2007-2008 er hann starfaði sem innanhússlögmaður hjá Kaupþingi banka hf. Hann var meðeigandi þriggja lögmannsstofa á árunum 1997-2007 en frá október 2008 hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður á tveimur lögmannsstofum. Umsækjandinn sat í skilanevnd Kaupþings banka hf. frá október 2008 til desember 2011, slitastjórn bankans frá janúar 2012 til desember 2015, bráðabirgðastjórn Kaupþings ehf. frá þeim tíma til mars 2016 þegar hann var kjörinn til setu í stjórn Kaupþings ehf. þar sem hann sat til nóvember 2016. Að auki átti hann sæti í stjórnnum ýmissa fyrirtækja meðan á slitum félagsins stóð. Þá sat hann í stjórn Arion banka hf. frá hausti 2009 til vors 2010 sem aðalmaður og síðar varamaður. Umsækjandinn var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 1996-2008 þar sem hann kenndi sakamálaréttarfar. Árið 2005 var hann prófdómari í höfundarétti við lagadeildina. Þá var hann stundakennari og síðar aðjúntkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2003-2016 þar sem hann kenndi félagarétt, auk þess að vera leiðbeinandi í fjölmörgum ritgerðum við sama skóla. Hann var stundakennari við lagadeild Háskólans á Bifröst á árinu 2005 og kenndi félagarétt. Einnig hefur hann kennt á námskeiðum fyrir þá sem hyggjast afla sér réttinda til að verða héraðsdómslögmennt frá árinu 2000 auk styttri námskeiða einkum skuldaskilarétt og félagarétt. Að auki kenndi hann á sumarnámskeiði við viðskipta-deild háskólans sumarið 2009, á námskeiðum Opna háskólans 2011-2013 einkum félagarétt. Umsækjandinn getur í umsókn sinni um 14 erindi sem hann hefur haldið um lögfræðileg málefni á fundum ýmissa félaga og stofnana hérlandis og erlendis, þ.m.t. á sviði réttarfars. Þá getur hann um tvær óritýndar greinar, sem hann hefur ritað um lögfræðileg efni, umræður með þátttöku hans um slíkt efni sem birtar voru í

lögfræðitímariti og þrjár stuttar greinar eftir hann sem birtust í Lögmannablaðinu. Umsækjandinn var varamaður og um tíma varaformaður í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála á árunum 1997-2005. Hann hefur setið í fastanefnd á sviði happdrættismála á vegum dómsmálaráðuneytisins frá 2007. Þá sat umsækjandinn í vinnuhópi sama ráðuneytis á árinu 2010 sem hafði það verkefni að yfirfara löggjöf um meðferð sakamála með það að augnamiði að einfalda og flýta meðferð þeirra. Á árinu 2007 sat hann í gerðardómi í tveimur málum. Af öðrum aukastörfum má nefna að hann hefur setið í stjórn Íslandsspila frá 1998, lengst af sem formaður stjórnar. Þá sat hann í stjórn Rauða krossins á Íslandi árin 1996-2004, þar af sem varaformaður 2002-2004. Hann sat í stjórn Lögmannafélags Íslands 2014-2016. Þá var hann nefndarmaður í laganefnd félagsins á árunum 2002-2007 sem hefur það hlutverk að fara yfir og gera athugasemdir við lagafrumvörp, þar af sem formaður frá árinu 2003 og sat af því tilefni reglulega fundi þingnefnda.

Jón Höskuldsson er fæddur 3. október 1956 og er því 63 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1984. Þá hefur hann sótt ýmis símenntunarnámskeið hérlendis. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1987 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands 2007. Að loknu laganámi hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi í landbúnaðarráðuneytinu, en var skipaður deildarstjóri í sama ráðuneyti frá hausti 1985 og frá 1991 skrifstofustjóri á lögfræði- og eignasviði ráðuneytisins. Frá hausti 1998 starfaði hann sem sjálfstætt starfandi lögmaður, fyrst í samstarfi við tvo aðra lögmennt, en frá 2000 með rekstri eigin lögmannsstofu. Hann var skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness í maí 2010 og hefur gegnt því starfi síðan, þar af sem dómstjóri frá 13. nóvember 2019. Samhliða og í tengslum við fyrrgreint starf í landbúnaðarráðuneytinu átti umsækjandinn sæti í fjölda nefnda sem m.a. komu að samningu lagafrumvarpa og reglugerða einkum á verksviði ráðuneytisins. Þá var hann á sama tíma eða frá 1986-1998 formaður markanefndar sem er úrskurðarnefnd samkvæmt lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Af aukastörfum umsækjandans má nefna að hann sat í stjórn Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins 1997-1998. Frá 2011 hefur hann verið varamaður í áfrýjunarnefnd ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi. Árið

2013 var hann skipaður varamaður í yfirmatsnefnd samkvæmt ábúðarlögum og á árinu 2018 formaður nefndarinnar. Um mitt ár 2015 tók hann sæti í dómstólaráði og 2016-2017 var hann formaður ráðsins. Um árabíl hefur umsækjandinn átt sæti í stjórn knattspyrnudeildar Vals. Á árunum 2017-2018 sat hann í aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Vals sem formaður stjórnar knattspyrnudeildar félagsins.

Ragnheiður Bragadóttir er fædd 18. febrúar 1963 og er því 57 ára. Hún lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1989. Á vor- og haustmisseri 1995 stundaði hún nám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla sem gestanemandi án próftöku og lagði þar áherslu á réttarfar, en sat einnig tíma í evrópurétti, mannréttindum og réttarsíðfræði. Þá hefur hún sótt símenntunarnámskeið bæði hérlendis og erlendis. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1996. Að loknu laganámi hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík og gegndi því starfi til 1. júlí 1992 þegar hún hóf störf sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur. Umsækjandinn starfaði sem aðstoðarmaður hæstaréttardómara frá 15. ágúst 1997 til 15. janúar 1999, en þá var hún sett til þess að gegna starfi héraðsdómara til 30. júní 2001. Á þeim tíma starfaði hún sem dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Héraðsdóm Vesturlands og Héraðsdóm Austurlands. Í apríl 2002 hóf hún rekstur eigin lögmannsstofu og í desember 2004 stofnaði hún ásamt tveimur öðrum nýja lögmannsstofu þar sem hún starfaði fram í september 2005. Hún var skipuð héraðsdómari og dómstjóri við Héraðsdóm Austurlands 15. september 2005, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness 1. september 2008 og dómari við Landsrétt í ársbyrjun 2018. Þá hefur hún setið sem varadómari í Hæstarétti í fjórum málum. Af aukastörfum umsækjandans skal nefnt að hún var varamaður í óbyggðanefnd 1998-2005, en á þeim tíma tók hún þátt í samningu úrskurða. Árin 2000-2005 var hún varaformaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og tók sæti sem formaður nefndarinnar. Hún sat í samkeppnisráði 2002-2005. Umsækjandinn var stundakennari í lögfræði við viðskiptadeild Háskóla Íslands á árunum 1997 og 1998 og í samningarétti við lagadeild sama skóla 1998. Þá getur hún þess að hún hafi flutt erindi um lögfræðileg málefni. Hún sat í stjórn Lögmannafélags Ísland 2003-2005, þar af sem varaformaður frá 2004, og 2003-2004 sat hún í fræðslunefnd félagsins. Þá sat

hún í stjórn fyrirtækis 2001-2005, í stjórn Dómarafélags Íslands 2009-2013 og í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 2017-2019.

Stefán Geir Þórisson er fæddur 30. september 1962 og er því 57 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1990 Hann öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði árið 1992 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands árið 1998. Að loknu embættisprófi starfaði hann um eins árs skeið í lögfræðideild Húsnæðisstofnunar ríkisins en frá þeim tíma og til janúarloka 1993 sem lögmaður á lögmannsstofu. Hann starfaði í lagadeild Eftirlitsstofnunar EFTA frá 1. febrúar 1993 til 1. júlí 1995 er hann tók þá aftur til starfa sem lögmaður á sömu lögmannsstofu. Frá árinu 1998 hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður og frá 2007 einn fimm eigenda lögmannsstofu. Hann hefur átt sæti í stjórnnum nokkurra fyrirtækja, m.a. sem varaformaður stjórnar knattspyrnufélagsins Stoke City FC í Englandi 2000-2006. Umsækjandinn hefur verið gerðardómari við Alþjóða íþróttadómstólinn frá 1. janúar 2017. Á árunum 2009-2010 var hann einn þriggja gerðardómsmanna í Gerðardómi Alþjóða viðskiptaráðsins auk þess sem hann var gerðardómsmaður í Gerðardómi Viðskiptaráðs Íslands árið 2015. Frá árinu 2013 hefur hann verið nefndarmaður í Eftirlitsnefnd um jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja að kerfum, tæknilausnum og þjónustu Mílu og heildsölu Símans auk þess sem hann var settur nefndarmaður í einu máli fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála á árinu 1998. Á árinu 2005 tók hann sæti forstjóra Samkeppniseftirlitsins við mat á samkeppnisáhrifum af samruna hluta Burðaráss hf. við Landsbanka Íslands hf. og við Straum fjárfestingabanka hf. Umsækjandinn var stundakennari í evrópurétti og félagarétti við lagadeild Háskóla Íslands á árunum 1992-1997 en frá þeim tíma prófdómari í evrópurétti um þriggja ára skeið auk þess að vera leiðbeinandi við ritun þriggja meistararitgerða við við sama skóla. Hann hefur einnig sinnt stundakennslu í evrópurétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá árinu 2004, mismikið milli ára eins og segir í umsókn hans, auk þess að hafa umsjón á haustönn 2005 með námskeiði á sviði réttarfars sem aðjúnkt við þann skóla. Þá hefur hann annast kennslu á stuttum námskeiðum. Eftir hann liggur einn ritrýndur bókarkafli og ein óritrýnd grein um lögfræðileg málefni auk tveggja stuttra greina sem birtust í Lögmannablaðinu. Þá hefur umsækjandinn haldið átta fyrirlestra

hérlandis og erlendis um lögfræðileg efni. Af öðrum aukastörfum má nefna að hann var nefndarmaður í nefnd skipaðri af Fjárlaganefnd Alþingis til að meta drög að samningi vegna Icesave reikninga Landsbankans og skilaði nefndin af sér álitni vorið 2010. Þá var hann formaður starfshóps utanríkisráðherra vegna innleiðingar Íslands á bókun 35 við EES- samninginn sem skilaði af sér skýrslu í ágúst 2018. Hann var nefndarmaður í Samninga- og félagaskiptanefnd Knattspyrnusambands Íslands frá 2007-2017. Hann var stjórnarmaður í Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík frá stofnun hennar árið 2004, varaformaður stjórnar knattspyrnufélagsins Víkings 1996-2008 og í stjórn Knattspyrnusambands Íslands 2007-2009. Þá var hann varamaður í stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA 1998-2002 og sat í stjórn Lögmannafélags Íslands 2005-2007.

5. Mat á umsækjendum

5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Ástráður Haraldsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1990. Hann hefur sótt ýmis símenntunarnámskeið hérlandis og erlendis.

Jóhannes Rúnar Jóhannesson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1993 og meistaraprófi á sviði stjórnunar og rekstrar frá Cambridge-háskóla árið 2019. Hann hefur sótt ýmis símenntunarnámskeið hérlandis.

Jón Höskuldsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1984. Hann hefur sótt ýmis símenntunarnámskeið hérlandis.

Ragnheiður Bragadóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1989. Á vor- og haustmíssi 1995 stundaði hún nám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla sem gestanemandi án próftöku. Þá hefur hún sótt símenntunarnámskeið, bæði hér á landi og erlendis.

Stefán Geir Þórisson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1990. Hann hefur sótt ýmis símenntunarnámskeið hérlandis.

5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Að virtu því, sem að framan greinir, er það mat dómnefndar að *Jóhannes Rúnar* standi fremstur umsækjenda í þessum þætti hæfnismats, en hann hefur lokið

meistaraprófi í stjórnun og skyldum greinum. Næst honum kemur *Ragnheiður* sem stundað hefur laganám erlendis án próftöku. Þeir *Ástráður*, *Jón* og *Stefán Geir* hafa ekki lagt stund á framhaldsnám í lögfræði eða skyldum greinum, en sótt eins og aðrir umsækjendur ýmis námskeið að loknu embættisprófi.

5.2. *Reynsla af dómstörfum*

Ástráður Haraldsson hefur frá janúar 2018 eða í rúm tvö og hálf ár gegnt embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og sinnt aðallega úrlausn einkamála. Áður en hann gerðist héraðsdómari tók hann sæti sem dómari í Félagsdómi í fimm málum.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson sat í gerðardómi í tveimur málum á árinu 2007.

Jón Höskuldsson var skipaður héraðsdómari í maí 2010 og hefur gegnt því starfi síðan eða í liðlega tíu ár. Á þessum tíma hefur hann m.a. dæmt í fjölmörgum einkamálum, sakamálum og ágreiningsmálum í tengslum við aðför, opinber skipti og nauðungarsölu.

Ragnheiður Bragadóttir starfaði í þrjú ár að loknu embættisprófi sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík. Frá júlí 1992 starfaði hún í rúm fimm ár sem fulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hún gegndi starfi aðstoðarmanns hæstaréttardómara í um eitt og hálf ár, en í ársbyrjun 1999 var hún sett héraðsdómari til júní 2001. Á þeim tíma starfaði hún sem dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Héraðsdóm Vesturlands og Héraðsdóm Austurlands. Hún var skipuð dómari við Héraðsdóm Austurlands í september 2005, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness í september 2008 og dómari við Landsrétt í ársbyrjun 2018, en því embætti hefur hún gegnt síðan þótt hún hafi ekki sinnt dómstörfum þar frá miðjum mars 2019. Störf hennar hafa tekið til allra réttarsviða. Þá hefur hún setið sem varadómari í Hæstarétti í fjórum málum.

Stefán Geir Þórisson sat í gerðardómi í tveimur málum á árunum 2009-2010 og 2015.

5.2.1. *Reynsla af dómstörfum – samanburður*

Samkvæmt framansögðu hafa allir umsækjendur einhverja reynslu af dómstörfum þótt í mismiklum mæli sé. Við mat á hæfni þeirra að því er þennan þátt varðar

er fyrst og fremst litið til starfstíma þeirra sem skipaðra eða settra dómara þar sem þeir leystu úr málum á eigin ábyrgð. Einnig verður horft til starfa umsækjenda sem fulltrúar eða aðstoðarmenn dómara þótt þau störf hafi mun minna vægi en störf sjálfstætt starfandi dómara. Einn umsækjenda hefur starfað sem skipaður dómari við Landsrétt, en reynsla af störfum við þann dómstól hlýtur eðli máls samkvæmt að veða þyngra en reynsla af dómstörfum í héraði. Loks er í þessum matsþætti höfð hliðsjón af reynslu umsækjenda af því að hafa setið sem varadómarar í einstökum málum í Hæstarétti, tekið þátt í störfum annarra fjölskipaðra dómstóla, þ. á m. í Félagsdómi, og verið gerðardómendur.

Að öllu þessu virtu telst *Ragnheiður* standa fremst umsækjenda í þessum matsþætti þar sem hún á að baki langan og fjölbreyttan dómaraferil, þ. á m. sem landsréttardómari. Reynsla hennar sem sjálfstætt starfandi dómari spannar um 16 ár, en áður en hún varð dómari var hún um árabil fulltrúi og síðar aðstoðarmaður dómara í Hæstarétti. Næst henni kemur *Jón* sem gegnt hefur embætti héraðsdómara í um tíu ár. Þar á eftir fylgir *Ástráður*, sem hefur verið héraðsdómari í rúm tvö og hálf ár, en við mat á vægi dómara-reynslu hans er jafnframt horft til þess að hann hefur hvorki kveðið upp dóm í sakamáli á eigin ábyrgð né verið dómsformaður í fjölskipuðum héraðsdómi í slíku máli. Reynsla þeirra *Jóhannesar Rúnars* og *Stefáns Geirs* af dómstörfum er hverfandi í samanburði við reynslu hinna umsækjendanna.

5.3. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum

Ástráður Haraldsson hlaut réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1991 og fyrir Hæstarétti 1995. Að loknu embættisprófi árið 1990 starfaði hann sem fulltrúi á lögmannsstofu í eitt ár og síðan óslitið frá 1992 til 2017 sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Frá árinu 1995 til 2000 var hann einnig í hlutastarfi sem lögmaður og forstöðumaður vinnuréttarsviðs Alþýðusambands Íslands. Verkefni hans sem lögmanns hafa snert flest svið lögfræðinnar, að undanskildum sakamálum, en að drýgstum hluta hafa þau snúið að stjórnsýslu- og vinnurétti, svo og skiptingu þrotabúa, eignaumsýslu og sölu eigna.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1995 og fyrir Hæstarétti 2002. Hann starfaði sem fulltrúi ríkissaksóknara í rúmt ár

þar sem hann fékkst m.a. við málflutning og í framhaldinu sem fulltrúi á lögmannsstofu í rúm þrjú ár. Frá árinu 1997 hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður utan 15 mánaða tímabils þegar hann var lögmaður hjá fjármálafyrirtæki. Lögmannsstörf hans hafa snert flest svið lögfræðinnar, en hafa einkum einkennst af verkefnum, tengdum fjármálamarkaði hin síðustu ár. Sem lögmaður sat hann í skilanefnd Kaupþings banka hf. í þrjú ár og í slitastjórn bankans í tæp fjögur ár.

Jón Höskuldsson hlaut réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1987 og fyrir Hæstarétti 2007. Hann starfaði sem sjálfstætt starfandi lögmaður í rúmlega ellefu og hálfu ári frá árinu 1998. Lögmannsstörf hans tóku bæði til einkamála og sakamála.

Ragnheiður Bragadóttir hlaut leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1996. Hún var sjálfstætt starfandi lögmaður frá apríl 2002 til september 2005 og fékkst þá við margvísleg verkefni, þ. á m. málflutning í héraði.

Stefán Geir Þórisson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1992 og fyrir Hæstarétti 1998. Hann starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu í tæplega fimm ár. Frá árinu 1998 hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður og verið einn fimm eigenda lögmannsstofu frá 2007. Lögmannsstörf hans hafa snert flest svið lögfræðinnar, m.a. evrópurétt. Þá hefur hann flutt mál fyrir EFTA-dómstólnum, þ. á m. mál Erlu Maríu Sveinbjörnsdóttur, en dómur í því máli fól í sér merkt fordæmi um réttaráhrif EES-reglna.

5.3.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður

Allir umsækjendur hafa fengist í mislangan tíma við lögmanns- og málflutningsstörf. Við samanburð á hæfni þeirra vegna reynslu af þeim störfum er einkum litið til þess hve langan feril þeir eiga að baki sem lögmennt, en einnig horft til þess hvort störfin hafi verið fjölbreytileg þannig að þeir hafi fengist við mál á sem flestum réttarsviðum. Einnig verður höfð hliðsjón af störfum umsækjenda á lögmannsstofum áður en þeir fengu lögmannsréttindi og við flutning sakamála sem fulltrúar ákæranda, en sú reynsla vegur þó tiltölulega lítið. Þá er tekið mið af því að sumir umsækjenda sinntu öðrum viðfangsefnum samhliða lögmannsstörfum, en þau koma til mats í viðeigandi þáttum hæfnismats, svo sem viðamikil stjórnsýslustörf og kennsla.

Samkvæmt framansögðu stendur *Stefán Geir* fremstur umsækjenda í þessum matsþætti vegna fjölþættra starfa sem sjálfstætt starfandi lögmaður um 22 ára skeið, eftir að hafa verið lögmannsfulltrúi um árabíl, og flutt fjölda viðamikilla mála fyrir íslenskum sem fjölþjóðlegum dómstólum. Næstir honum koma þeir *Ástráður* og *Jóhannes Rúnar*, en sá fyrstnefndi var í um 25 ár sjálfstætt starfandi lögmaður, þar af í hlutastarfi í um fimm ár, og sá síðarnefndi í um 22 ár, en áður voru þeir báðir lögmannsfulltrúar í mislangan tíma. Þegar störf þeirra, sem að framan greinir, eru virt í heild sinni eru ekki efni til að gera upp á milli lögmanns- og málflutningsreynslu þeirra tveggja. Þar á eftir kemur *Jón* sem var sjálfstætt starfandi lögmaður í rúm tíu og hálf ár og síðan *Ragnheiður* sem var það í tæp þrjú og hálf ár.

5.4. *Reynsla af stjórnarsýslustörfum*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnarsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Ástráður Haraldsson sat í umferðarnefnd Reykjavíkur árin 1990-1994 og gegndi formennsku í rannsóknarnefnd sjóslysa 1991-1992. Árin 1999-2003 átti hann sæti í kærunefnd húsnæðismála. Þá sat hann í útvarpsréttarnefnd 1998-2004, í yfirkjörstjórn Reykjavíkur 1995-2003 og var formaður hennar 2006. Í landskjörstjórn sat hann 2003-2018, þar af sem formaður í þrjú ár.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson var fulltrúi ríkissaksóknara í rúmt ár þar sem stjórnarsýslustörf voru hluti af störfum hans. Hann var varamaður og um tíma varaformaður í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála á árunum 1997-2005 og tók á því tímabili einu sinni sæti í nefndinni þar sem hann kom að samningu úrskurðar. Hann hefur setið í fastanefnd á sviði happdrættismála á vegum dómsmálaráðuneytisins frá 2007. Þá sat hann í vinnuhópi sama ráðuneytis á árinu 2010 sem hafði það verkefni að yfirfara löggjöf um meðferð sakamála með það að augnamiði að einfalda og flýta meðferð þeirra.

Jón Höskuldsson starfaði í landbúnaðarráðuneytinu 1984-1998, fyrst sem fulltrúi tæplega eitt ár, síðan deildarstjóri í um sex ár og loks skrifstofustjóri á lögfræði- og eignasviði í um sjö ár. Helstu verkefni hans þar voru, auk hefðbundinna afgreiðslumála stjórnarsýslu, gerð stjórnarsýsluúrskurða og lögfræðilegra álitserða fyrir

ráðherra. Umsækjandinn hefur setið í fjölda nefnda á vegum ráðuneytisins og annarra ráðuneyta samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra, þó einkum til að semja tillögur að lagafrumvörpum. Þá hefur hann komið að og stýrt samningu fjölda reglugerða á sviði landbúnaðarmála. Á starfstíma sínum í ráðuneytinu var hann formaður markanefndar sem er úrskurðarnefnd samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. 1986-1998. Árið 2013 var hann skipaður varamaður í yfirmatsnefnd samkvæmt ábúðarlögum og á árinu 2018 formaður nefndarinnar.

Ragnheiður Bragadóttir var skipuð varamaður í óbyggðanefnd 1998-2005, en á þeim tíma tók hún þátt í samningu sjö úrskurða í jafn mörgum málum. Árin 2000-2005 var hún varaformaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og tók sæti sem formaður nefndarinnar við afgreiðslu sjö mála. Hún sat í samkeppnisráði 2002-2005, en á þeim tíma tók ráðið ákvörðun í fjölda mála.

Stefán Geir Þórisson starfaði í um eins árs skeið í lögfræðideild Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þá starfaði hann í lagadeild Eftirlitsstofnunar EFTA í um tvö og hálf ár. Á árinu 2005 tók hann sæti forstjóra Samkeppniseftirlitsins í einu stjórnarsýslumáli. Hann hefur frá 2013 átt sæti í Eftirlitsnefnd um jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja að kerfum, tæknilausnum og þjónustu Mílu og heildsölu Símans auk þess sem hann var settur nefndarmaður í einu máli fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála á árinu 1998. Þá var hann formaður starfshóps utanríkisráðherra vegna innleiðingar Íslands á bókun 35 við EES- samninginn sem skilaði skýrslu í ágúst 2018.

5.4.1. Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður

Í þessum þætti hæfnismats hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnarsýslustörfum. Í mörgum tilvikum hafa þau störf, sem hér um ræðir, verið innt af hendi samhliða aðalstarfi og vega þar af leiðandi ekki eins þungt við mat á hæfni vegna stjórnarsýslureynslu. Þó skiptir máli hvort slík störf nýtist dómaraefni, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010, svo sem seta í úrskurðarnefndum er halda má fram að verði að nokkru leyti lögð að jöfnu við dómstörf. Eins og endranær verður litið til framangreindra starfa og þeim gefið vægi eftir umfangi, fjölbreytni og lengd starfstíma.

Að þessu virtu er það mat dómnefndar að *Jón* standi fremstur umsækjenda í þessum þætti mats, einkum vegna starfa hans í landbúnaðarráðuneytinu þótt liðnir séu meira en tveir áratugir frá því að hann lét af þeim störfum. Næstur honum kemur *Ástráður*, þá jafnt sett *Ragnheiður* og *Stefán Geir* og loks *Jóhannes Rúnar*, en þau hafa öll fjögur fengist við fjölþætt störf á fleiri en einu stjórnsýslusviði þótt í mismiklum mæli sé.

5.5. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

5.5.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

Ástráður Haraldsson var dósent í hlutastarfi við Háskólann á Bifröst á árunum 2002-2017 og kenndi þar fyrst og fremst vinnurétt, stjórnsýslurétt og starfsmannarétt. Síðari árin fékkst hann þó aðallega við kennslu í fullnusturéttarfari. Árin 2002-2006 kenndi hann á námskeiðum til öflunar málflutningsréttinda fyrir héraðsdómi og var prófdómari í vinnurétti við lagadeild Háskóla Íslands 2000-2004, auk þess að vera stundakennari í vinnurétti við sama skóla á árunum 2000 og 2004.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 1996-2008 þar sem hann kenndi sakamálaréttarfar. Árið 2005 var hann prófdómari í höfundarétti við lagadeildina. Þá var hann stundakennari og síðar aðjúntkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2003-2016 þar sem hann kenndi félagarétt og hafði m.a. umsjón með allri kennslu í þeirri grein um tíma, auk þess að vera leiðbeinandi í fjölmörgum ritgerðum við sama skóla. Hann var stundakennari við lagadeild Háskólans á Bifröst á árinu 2005 og kenndi þar félagarétt. Einnig hefur hann frá árinu 2000 kennt á námskeiðum til öflunar málflutningsréttinda fyrir héraðsdómi auk styttri námskeiða, einkum í skuldaskilarétt og félagarétti. Að auki kenndi hann á sumarnámskeiði við viðskiptadeild Háskóla Íslands sumarið 2009, á námskeiðum Opna háskólans 2011-2013, fyrst og fremst félagarétt.

Jón Höskuldsson hefur ekki kennt á háskólastigi, en fékkst við kennslu á námskeiði til löggildingar fasteigna- og skipasala 1997.

Ragnheiður Bragadóttir annaðist stundakennslu í lögfræði við viðskiptadeild Háskóla Íslands árin 1997 og 1998 og í samningarétti við lagadeild sama skóla á haustmíssi 1998.

Stefán Geir Þórisson var stundakennari í evrópurétti og félagarétti við lagadeild Háskóla Íslands á árunum 1992-1997 en frá þeim tíma var hann prófdómari í evrópurétti um þriggja ára skeið auk þess að vera leiðbeinandi við ritun þriggja meistararitgerða við sama skóla. Hann hefur einnig sinnt stundakennslu í evrópurétti, mismikið milli ára, við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá árinu 2004 auk þess sem hann hafði umsjón haustið 2005 með námskeiði á sviði réttarfars sem aðjúnkt við þann skóla. Þá hefur hann annast kennslu á stuttum námskeiðum.

5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Samkvæmt framansögðu á *Jóhannes Rúnar* að baki mesta reynslu umsækjenda á því sviði sem hér um ræðir. Hann var í um tvo áratugi stundakennari við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík þar sem hann var aðjúnkt um skeið auk þess sem hann hefur kennt á námskeiðum til öflunar málflutningsréttinda fyrir héraðsdómi í um 18 ár og fengist sem fyrr segir við margs konar aðra kennslu á háskólastigi. Næstur honum kemur *Ástráður* sem var m.a. dósent í hlutastarfi við Háskólann á Bifröst í um 17 ár auk þess að kenna á námskeiðum til öflunar málflutningsréttinda fyrir héraðsdómi um fjögurra ára skeið. Á eftir þeim fylgir *Stefán Geir* og síðan *Ragnheiður*. Eins og áður greinir hefur *Jón* ekki sinnt kennslu á háskólastigi.

5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.

Ástráður Haraldsson hefur ritað fjórar óritrýndar greinar um lögfræðileg málefni. Þá getur hann í umsókn sinni um 13 erindi um lögfræði og framsögur af sama toga við hin ýmsu tilefni hér á landi og erlendis.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson hefur ritað tvær óritrýndar greinar um lögfræðileg efni, fjallað um slíkt efni í umræðum sem birtar voru í lögfræðitímariti og skrifað þrjár stuttar greinar sem birtust í Lögmannablaðinu. Hann getur í umsókn sinni um 14 erindi og fyrirlestra sem hann hefur haldið hér á landi og erlendis, þ. á m. er fyrirlestur sem fluttur var á vegum Fjármálaeftirlitsins í Sviss um fall Kaupþings banka hf. og ályktanir sem draga má af því.

Jón Höskuldsson tilgreinir ekki í umsókn sinni útgefnar bækur eða greinar á sviði lögfræði.

Ragnheiður Bragadóttir tilgreinir ekki í umsókn sinni útgefnar bækur eða greinar á sviði lögfræði. Hún nefnir að hún hafi flutt þrjú erindi um lögfræði hér á landi.

Stefán Geir Þórisson hefur ritað einn ritrýndan bókarkafli og eina óritrýnda grein um lögfræðileg efni auk tveggja stuttra greina sem birtust í Lögmannablaðinu. Þá tilgreinir hann í umsókn sinni sjö erindi og fyrirlestra sem hann hefur flutt hérlendis og erlendis um lögfræði við hin ýmsu tilefni.

5.5.2.1. *Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður*

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli ólíkra ritverka sem geta bæði verið fræðirit og greinar. Sumt efnið er ritrýnt og annað ekki, en taka ber tillit til þess að framan af voru fræðigreinar, sem birtust í íslenskum tímaritum, ekki ritrýndar. Við matið er litið til fjölda, umfangs og fjölbreytni fræðiskrifa hlutaðeigandi umsækjanda. Þá er loks höfð hliðsjón af erindum og fyrirlestrum sem umsækjendur hafa flutt. Síðastnefndi þátturinn er þó fremur léttvægur í samanburði við útgefið efni.

Að þessu virtu standa *Ástráður* og *Jóhannes Rúnar* fremstir umsækjenda í þessum þætti mats. Næstur þeim kemur *Stefán Geir*. Þau *Jón* og *Ragnheiður* hafa ekki fengist við ritstörf eða annað sem fellur undir þennan þátt.

5.6. *Reynsla af stjórnun*

Ástráður Haraldsson stóð að rekstri lögmannsstofu í um 25 ár. Þá fylgdu stjórnunarverkefni starfi hans sem forstöðumaður vinnuréttarsviðs Alþýðusambands Íslands. Á árunum 1991-1992 var hann formaður rannsóknarnefndar sjóslysa, formaður landskjörstjórnar 2009-2011 og yfirkjörstjórnar Reykjavíkur árið 2006. Loks getur hann í umsókn sinni um störf sem skiptastjóri í nokkrum stórum þrotabúum er fylgt hafi umfangsmikil stjórnunarverkefni.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson hefur rekið lögmannsstofu í Reykjavík í um 22 ár, ýmist einn eða með öðrum. Þá var hann í fyrirsvari fyrir slitastjórn Kaupþings banka hf. 2012-2015, en því starfi fylgdu mjög umfangsmikil mannaforráð og stjórnunarverkefni, enda um að ræða viðamesta mál sinnar tegundar hér á landi sem tengdi anga

sína víða um heim. Þá hefur hann setið í stjórn Íslandsspila frá árinu 1998, lengst af sem formaður, og var varaformaður Rauða krossins á Íslandi 2002-2004.

Jón Höskuldsson var formaður í ýmsum nefndum á vegum landbúnaðar-ráðuneytisins, svo sem í markanefnd, um tólf ára skeið. Hann var skrifstofustjóri í ráðuneytinu 1991-1998. Þá rak hann eigin lögmannsstofu í rúm tíu og hálf ár og gegndi formennsku í dómstólaráði í eitt og hálf ár. Hann hefur um tveggja ára skeið verið formaður yfirmatsnefndar samkvæmt ábúðarlögum. Ennfremur var hann formaður stjórnar knattspyrnudeildar Vals 2017-2018. Loks hefur hann verið dómstjóri við Héraðsdóm Reykjaness frá nóvember 2019.

Ragnheiður Bragadóttir var dómstjóri við Héraðsdóm Austurlands á árunum 2005-2008. Hún rak eigin lögmannsstofu árin 2002-2004, en með öðrum 2004-2005. Á árunum 2000-2005 var hún varaformaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármála-fyrirtæki og varaformaður Lögmannafélags Íslands 2004-2005.

Stefán Geir Þórisson hefur komið að rekstri lögmannsstofu í um 22 ár, þar af lengst af þeim tíma sem framkvæmdastjóri tveggja lögmannsstofa fimmta hvert ár. Þá var hann formaður starfshóps utanríkisráðherra vegna innleiðingar Íslands á bókun 35 við EES- samninginn. Hann var varaformaður stjórnar knattspyrnufélagsins Víkings 1996-2008 og varaformaður stjórnar knattspyrnufélagsins Stoke City FC í Englandi 2000-2006.

5.6.1. Reynsla af stjórnun – samanburður

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum sem eiga það öll sameiginlegt að hafa falið sér stjórnun í einni eða annarri mynd. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík stjórnunarstörf hafa verið fólgin og hve lengi þeir hafa sinnt þeim störfum.

Að því virtu telst *Jóhannes Rúnar* standa fremstur umsækjenda í þessum matsþætti. Næstir honum koma jafnt settir *Ástráður* og *Stefán Geir* og þar á eftir *Jón*. Reynsla *Ragnheiðar* á þessu sviði er tiltölulega lítil í samanburði við reynslu þeirra fjögurra umsækjenda sem að framan voru taldir.

5.7. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.*

Astráður Haraldsson stýrði ásamt öðrum vinnu við gerð frumvarps til gagngerra breytinga á vatnalögum. Hann hefur komið að störfum sem tengjast undirbúningi lagasetningar á öðrum sviðum og fullgildingu EES-gerða, bæði sem lögfræðingur Alþýðusambands Íslands og sem ráðgjafi fjármálaráðherra á árunum 2009-2013. Þá átti hann um skamman tíma sæti í stjórn Lögmannafélags Íslands árið 2017, í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hluta ársins 2007 og sat í stjórn Háskólans á Bifröst um sex ára skeið. Frá ársbyrjun 2019 hefur hann verið í hlutastarfi sem aðstoðarsáttasemjari við embætti ríkissáttasemjara og komið að því að miðla málum í nokkrum vandasömum vinnudeilum.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson sat í stjórn Lögmannafélags Íslands 2014-2016. Þá átti hann sæti í laganevnd félagsins á árunum 2002-2007, þar af sem formaður frá 2003, en nefndin hefur það hlutverk að fara yfir og gera athugasemdir við lagafrumvörp. Hann átti sæti í skilanevnd Kaupþings banka hf. 2008-2011 og sat skamman tíma í stjórnnum Arion banka hf. og Kaupþings ehf. auk ýmissa dótturfyrirtækja fyrstnefnda bankans. Þá sat hann árin 1996-2004 í stjórn Rauða krossins á Íslandi.

Jón Höskuldsson sat í stjórn Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins 1997-1998. Á meðan hann starfaði í ráðuneytinu sat hann í fjölda nefnda á vegum þess og annarra ráðuneyta sem einkum höfðu það hlutverk að semja tillögur að lagafrumvörpum.

Ragnheiður Bragadóttir sat í stjórn Lögmannafélags Íslands 2003-2005, auk þess sem hún sat í fræðslunefnd félagsins 2003-2004. Hún sat í stjórn Dómarafélags Íslands á árunum 2009-2013 og í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 2017-2019.

Stefán Geir Þórisson sat í stjórn Lögmannafélags Íslands 2005-2007. Hann hefur verið gerðardómari við Alþjóða íþróttadómstólinn frá 2017 og tekið þátt í meðferð nokkurs fjölda mála þar. Einnig var hann í Samninga- og félagaskiptanefnd Knattspyrnusambands Íslands 2007-2017. Þá átti hann sæti í nefnd skipaðri af fjárlaganefnd Alþingis til að meta drög að samningi vegna Icesave reikninga Landsbanka Íslands hf. og skilaði nefndin af sér álit 2010.

5.7.1. *Reynsla af öðrum störfum sem nýttast dómaraefni o.fl. – samanburður*

Við mat á hæfni umsækjenda í þessum þætti koma til álita þau störf sem ekki hafa verið felld undir aðra matsþætti, svo sem reynslu af stjórnsýslustörfum. Hafi umsækjandi t.d. komið að samningu lagafrumvarpa sem starfsmaður ráðuneytis vegur það af þeim sökum ekki eins þungt hér og vinna við frumvarpsgerð sem sinnt er meðfram öðru starfi.

Sé litið til starfa umsækjenda, sem falla hér undir, telst *Ástráður* standa fremstur umsækjenda á þessu sviði, ekki síst vegna starfs síns sem aðstoðarsáttasemjari. Næstur honum kemur *Jóhannes Rúnar*, þá *Stefán Geir*, síðan *Jón* og loks *Ragnheiður*.

5.8. *Almenn starfshæfni og andlegt atgervi*

Í 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Eins og áður greinir var m.a. áskilið í auglýsingu um hin lausu dómaraembætti að fram kæmu í umsóknnum upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra, voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið að allir umsækjendur uppfylli þær kröfur sem gera verður til starfshæfni landsréttardómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Hvað þennan þátt hæfnismats varðar hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum og hvert sé framlag hans í formi kennslu og fræðiskrifa sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á sviði réttarfars.

Að þessu virtu er það niðurstaða dómnefndar að þau *Jóhannes Rúnar* og *Ragnheiður* standi öðrum umsækjendum ívið framar í þessum matsþætti, annars vegar sökum kennslu hans í sakamálaréttarfari, og hins vegar vegna reynslu hennar sem dómari í héraði og við Landsrétt, jafnt við meðferð einkamála sem sakamála. Allir hafa umsækjendurnir hins vegar sýnt með framangreindum störfum sínum að þeir hafa öðlast mjög gott vald á réttarfarsreglum.

5.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu

Í 4. gr. reglna nr. 620/2010 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Af dómsúrlausnum umsækjanda eða eftir atvikum greinargerðum og stjórnsluúrskurðum hans má t.d. ráða hve gott vald hann hefur á réttarfarsreglum og hve vel hann er að sér þegar kemur að því að beita þeim

réttarheimildum og skýra þau lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi á með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Eins og áður greinir var í dómum Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017 fundið að því að dómnefnd, sem mat hæfni umsækjenda um 15 embætti landsréttardómara, hafi ekki sérstaklega lagt mat á færni hvers og eins þeirra til að semja dóma. Í samræmi við þessa athugasemd Hæstaréttar hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á hæfni hvers og eins umsækjenda á þessu sviði, fyrst og fremst á grundvelli fyrirliggjandi dómsúrlausna og eftir atvikum greinargerða þeirra fyrir æðra dómi. Ekki hefur aðeins verið horft til framlaga, sem fylgdu umsóknum umsækjenda, heldur einnig til annarra framlaga þeirra, svo sem heimilt er að gera skv. 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010.

Niðurstaða þessa mats dómnefndar er sú að allir umsækjendur hafi sýnt með umræddum framlögum sínum að þeir séu vel færir um að semja dóma og dómsúrskurði í samræmi við fyrrgreind ákvæði réttarfarslaga. Þó er það álit nefndarinnar að *Ragnheiður* standi fremst þeirra að þessu leyti. Í þeim dómum og úrskurðum, er hún kvað upp sem héraðsdómari á sínum tíma og nefndin tók til skoðunar, er málsatvikum yfirleitt lýst á sjálfstæðan og greinargóðan hátt og niðurstaðan studd góðum og gildum lögfræðilegum rökum. Þá skiptir einnig máli að hún er eini umsækjandinn, sem samið hefur atkvæði að dómum Landsréttar, og eru þeir dómar alla jafna vel úr garði gerðir.

5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og aföruggi

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði dregin af dómarastörfum og öðrum störfum sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum. Með tilliti til þessa lítur nefndin svo á að allir umsækjendur séu hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel. Ekkert er fram komið sem gefur tilefni til að gera upp á milli þeirra að því er þetta varðar.

6. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hverjir umsækjenda, tveir eða fleiri, séu hæfastir til að gegna þeim embættum landsréttardómara sem auglýst hafa verið laus til umsóknar. Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og málefnalegu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að þeir hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum landsréttardómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og þeim stjórnisýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hefur þýðingu hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við, séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi, þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjanda koma þó önnur atriði einnig til álita, ekki síst færni hans við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi.

Ef litið er til þeirra matsþátta, sem fjallað er um í köflum 5.1. – 5.8 og 5.9.1, þar sem reynsla af dómstörfum, reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum og reynsla af stjórnisýslustörfum vega þyngst og hafa jafn mikið vægi, hver þáttur um sig, er það niðurstaða dómnefndar að umsækjendur hafi allir öðlast þá lagaþekkingu og starfsreynslu, sem gera verður kröfu um að landsréttardómari hafi til að bera, og séu mjög vel hæfir til að gegna því embætti. Séu umræddir matsþættir virtir í heild er það álit nefndarinnar að þeir *Ástráður Haraldsson* og *Jón Höskuldsson* standi þar fremstir umsækjenda og ekki séu efni til að gera upp á milli þeirra. Munurinn á milli þessara tveggja umsækjenda og annarra í þessum matshluta er þó ekki svo afgerandi að úrslitum geti ráðið, einn og sér.

Vegna þess að svo háttar til skiptir enn meira máli en ella hver er færni umsækjenda til að nýta þá lögfræðipækkingu, sem þeir búa yfir, við að leysa úr dómsmálum á skipulegan og rökstuddan hátt. Eins og áður segir er það mat dómnefndar, sbr. kafla 5.9.2., að allir umsækjendur hafi sýnt það með framlögum sínum, dómsúrlausnum eða greinargerðum, að þeir séu vel færir um að semja dóma. Þó sé *Ragnheiður Bragadóttir* færust þeirra til að ráða ágreiningsmálum til lykta í Landsrétti á þann hátt sem mælt er fyrir um í réttarfarslögum.

Samkvæmt öllu því, sem að framan greinir, er það niðurstaða dómnefndar að *Ástráður Haraldsson*, *Jón Höskuldsson* og *Ragnheiður Bragadóttir* séu hæfust umsækjenda til að gegna stöðu dómara við Landsrétt og verði ekki gert upp á milli hæfni þeirra að því er það varðar.

Ástráður á að baki áratugalangan feril sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Samhliða lögmannsstörfunum fékkst hann við margvísleg stjórnslustörf, m.a. var hann um skeið formaður rannsóknarnefndar sjóslysa og síðar formaður landskjörstjórnar. Einnig hefur hann sinnt kennslu á háskólastigi, þ. á m. var hann um árabil dósent við Háskólann á Bifröst. Sömuleiðis öðrum störfum, sem nýtast dómara við Landsrétt, svo sem starfi aðstoðarsáttasemjara þar sem hann hefur síðustu misserin komið að því að miðla málum í nokkrum vandasömum vinnudeilum. Frá ársbyrjun 2018 hefur Ástráður gegnt embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og sýnt í því starfi að hann er vel fær um að semja dóma og aðrar dómsúrlausnir.

Jón starfaði í landbúnaðarráðuneytinu um langt skeið, síðast sem skrifstofustjóri. Meðan hann gegndi þar störfum átti hann sæti í fjölda nefnda á vegum þess ráðuneytis og annarra sem höfðu einkum það hlutverk að semja tillögur að lagafrumvörpum. Að því loknu starfaði hann í rúman áratug sem sjálfstætt starfandi lögmaður uns hann var skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness vorið 2010. Því embætti hefur hann gegnt síðan og var kjörinn dómstjóri dómstólsins í lok síðasta árs. Jafnframt hefur hann frá árinu 2018 verið formaður matsnefndar samkvæmt ábúðarlögum. Jón hefur með störfum sínum sem héraðsdómari sýnt að hann hefur gott vald jafnt á einkamála- sem sakamálaréttarfari og er vel fær um að semja dóma og aðrar dómsúrlausnir.

Ragnheiður hefur mesta reynslu umsækjenda af dómstörfum, fyrst sem fulltrúi og aðstoðarmaður dómara, síðan héraðsdómari um langt árabil og loks landsréttardómari, jafnframt því sem hún hefur tekið sæti í Hæstarétti í einstökum málum. Einnig starfaði hún um skeið sem sjálfstætt starfandi lögmaður, átti sæti í samkeppnisráði og tók þátt í störfum úrskurðarnefnda innan stjórnarsýslunnar, þ. á m. óbyggðanefndar. Ragnheiður hefur sýnt með störfum sínum sem dómari í héraði og við Landsrétt að hún hefur gott vald jafnt á einkamála- sem sakamálaréttarfari og störf hennar sem landsréttardómari bera jafnframt vott um að hún býr yfir mestri færni umsækjenda til að ráða ágreiningsmálum til lykta þar fyrir dómi.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 2. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Ástráður Haraldsson, Jón Höskuldsson og Ragnheiður Bragadóttir séu hæfust umsækjenda til að hljóta skipun í tvö embætti dómara við Landsrétt, sem auglýst voru laus til umsóknar 19. júní 2020, og ekki verði gert upp á milli hæfni þeirra þriggja að því er það varðar.

Reykjavík, 2. september 2020



Eiríkur Tómasson



Halldór Halldórsson



Helga Melkorka Óttarsdóttir



Kristín Benediktsdóttir



Óskar Sigurðsson